

139. löggjafarþing 2010–2011.  
Þskj. 1441 — 801. mál.

## Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?
2. Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?

**Skriflegt svar óskast.**